


Handbók Ungmennaráðs í Mýrdalshreppi



Mýrdalshreppur



EFNISYFIRLIT

BLAÐSÍÐA

Inngangur	3
Hvernig er valið í ungmennaráð?	4
Hvernig skal boða til fundar?	5
Hvaða boðleiðir þurfum við að fara?	6
Hver eru helstu verkefni?	7
Verkátætlun	7
Hlutverk ungmennaráðsmeðlima	8
Síðareglur	9

**Tekið saman af Æskulýðs- og tómstundarfulltrúa
Kristín Ómarsdóttir
Júlí 2023**


INNGANGUR

Í Æskulýðslögum segir að „sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð“
Ungmennaráð Mýrdalshrepps hefur það að leiðarljósi að veita ungmennum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum, skapa vettvang og leiðir til þess að gera þeim kleift að koma skoðunum sínum á framfæri við viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.

Meðlimir ungmennaráðs hafa frelsi til þess að velja sjálfir hvaða málefni þau vilja taka upp hverju sinni en einnig geta sveitarstjórnir leitað til þeirra.

Það skiptir miklu máli að meðlimir ungmennaráðs skipti verkum sín á milli og vinni vel saman. Sum ungmennaráð velja að deila með sér verkefnum og kjósa einn formann, ritara, kynningarfulltrúa o.s.frv.

Meðlimir geta líka haft mismunandi áherslur t.d. á umhverfismál eða skólamál. Ungmennaráð er þrýstiafl á sveitastjórn og hefur áhrif á þau málefni sem koma ungmennum sveitarfélagsins við.



VALIÐ Á FULLTRÚUM



Starfsmenn sveitarfélagsins, sveitarstjórnar og Fjölskyldu- Frístunda- menningarráð leggja til val á áhugasömum ungmennum til að skipa ráðið.

Gæta þarf að því að valið sé lýðræðislegt og gætt sé að fjölbreytileika.

Æskilegt er að ráðið samanstandi af nýjum og reyndum fulltrúum. Sumir fulltrúar eru skipaðir í tvö ár en aðrir í eitt ár. Þetta er gert til þess að reynslan færist á milli fulltrúa og nýtist í starfi.



Fulltrúar ungmenna



Vara fulltrúar ungmenna

FUNDARBOÐ

Reglulegir fundir skipta miklu máli til þess að starfið gangi vel. Fyrsti fundur er boðaður af starfsmanni ungmennaráðsins eigi síður en 10. september hvers árs sem leggur fram fundartíma formlegra funda á tímabilinu.

Æskilegt er að hafa fasta fundartíma. Starfsmaður ungmennaráðs sér um að boða fundi með minnst viku fyrirvara og heldur um dagskrá fundar.

Mikilvægt er að fundarstjóri passi að allir fái að koma skoðunum sínum á framfæri. Gott er að skipa ritara sem sér um fundargerð að hverju sinni og æskilegt að því sé skipt sín á milli fulltrúa.

Fundagerðir eru síðan birtar opinberlegar á vef sveitarfélagsins. Í henni ber að nefna hverjir sátu fundinn, hvar var hann haldinn, hvað var rætt og ákveðið og hvaða meðlimir bera ábyrgð á komandi verkefnum.



BOÐLEIÐIR

Leid til þess að ná áhrifum í samfélaginu er að sannfæra valdhafa. Valdhafar eru til dæmis, kjörnir fulltrúar sveitarstjórnar, starfsmenn sveitarfélagsins, stjórnendur félagasamtaka og skólastjórnendur. Valdhafar eru líka þingmenn og ráðherrar.



Ungmennaráð fundar um hugmyndir og tillögur. Fulltrúar vinna að tillögu með því að nota tölfræði og dæmisögur til þess að rökstyðja mál ykkar. Útskýra fyrir þeim hvað getur farið úrskeiðis ef raddir ungmenna heyrast ekki. Til að ná fram breytingum er mikilvægt að vera í góðu samstarfi við viðeigandi valdhafa. Gott samstarf eflir skilning valdahafa á mikilvægi ungmennaráðs.

VERKEFNI

**Hugmyndir og erindabréf
Ungmennaráð Suðurlands
Landsmót Samfés
Landspings ungs fólks Samfés
Verkáætlun**

Verkefni ungmennaráðs Mýrdalshrepps eru mismunandi og fjölbreytt. Þau helstu verkefni eru listuð hér að ofan.

HUGMYND VERÐUR AÐ VERULEIKA

01

SKREF 1

KOMA MEÐ HUGMYND. HVERJU VILJUM VIÐ BREYTA, HVAÐ VILJUM VIÐ GERA BETUR, HVAÐ SJÁUM VIÐ SEM FRAMTÍÐARMÖGULEIKA MÝRDALSHREPPS?

02

SKREF 2

SKIRFA BRÉF EÐA BÓKA FUND MEÐ VALDHAFNA.

03

SKREF 3

KOMA MEÐ TILLÖGU OG TÖLFRÆÐI UM ÁKVEÐIÐ MÁLEFNI. RÖKSTYÐJIÐ VEL.

04

SKREF 4

PASSAÐ AÐ TILLAGAN SÉ TEKIN FYRIR Á SVEITARSTJÓRNAFUNDI OG SÉ SAMPYKKT

HLUTVERK UNGMENNARÁÐSMEÐLIMA

Meðlimir ungmennaráðs er ætlað að vera rödd barna og ungmenna innan sveitarfélagsins Mýrdalshrepp. Helstu hlutverk eru:

- Vera fulltrúi og málsvari ungmenna
- Stuðla að virkri þátttöku ungs fólks
- Gefa ungmendum vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Vekja athygli á ungmennaráðinu og kynna það fyrir fólki í samfélaginu.
- Halda viðburði
- Veita sveitastjórn og nefndum ráð um verkefni og málefni
- Virða skoðanir annarra ungmenna.

SIÐAREGLUR

Ungmennaráð þarf að setja sér siðareglur. Þær eru þáttur í því að hafa skýrar vinnureglur hvað varðar hegðun og framkomu ungmennaráðsfulltrúa innan sem og utan ráðsins. Gagnlegt er að hafa siðareglur þar sem allir eru á sömu blaðsíðunni þegar það kemur að því hvernig hlutirnir í ráðinu eigi að vera.



UNGMENNARÁÐ



MÝRDALSHREPPS



Mýrdalshreppur